

Árið 2018 var öflugt sýningarár í íslenskri hrossarækt með frábæru Landsmóti í Víðidal, góð mæting var til kynbótadóms og mörg frábær hross voru sýnd. Hér verður farið yfir 3 efstu hrossin í hverjum flokki.

Alls voru sýndar 70 fjögurra vetra hryssur á árinu og margar afar efnilegar hryssur. Með þriðju hæstu einkunn ársins var Sýn frá Hólum með 8.30 í aðaleinkunn. Hún hlaut 8.54 fyrir sköpulag og 8.14 fyrir hæfileika, Sýn er mikil myndarhryssa, afar skrefmikil og á eflaust eftir að láta enn meira að sér kveða með meiri styrk og eftirfylgni. Ræktandi og eigandi er Hólaskóli. Faðir hennar er Knár frá Ytra-Vallholti og móðirin er Ösp frá Hólum. Með aðra hæstu einkunn ársins, 8.31, var Sigurrós frá Stuðlum, undan Dyn frá Dísarstöðum og Stöku frá Stuðlum. Sigurrós er gæðingur með 8.37 fyrir hæfileika, með virkjamikið skref og mikla framgöngu af svo ungu tryppi. Ræktendur eru Edda Björg Ólafsdóttir og Páll Stefánsson en eigendur eru Fannar og Þórir Gauti Pálssynir. Þá var með hæstu einkunn ársins Askja frá Efstu-Grund og var hún einnig hæst í sínum flokki á Landsmóti. Hún sprakk út á mótinu og hækkaði hæfileikaeinkunn sína verulega og endaði með 8.55 fyrir hæfileika og 8.38 í aðaleinkunn. Askja er reiðhestslega gerð í byggingu. Þá er hún hágeng og skrefagóð á tölti og brokki og afar jafnvægisgóð og sniðfalleg á skeiði. Ræktendur og eigendur Öskju eru sigríður Gissurardóttir og sigurjón Sigurðsson.

Í fjögurra vetra flokki stóðhesta voru sýndir 54 hestar. Með þriðju hæstu einkunn ársins var Kastor frá Garðshorni á Þelamörk eða 8.33. Kastor er úr ræktun þeirra Agnars Þórs Magnússonar og Birnu Tryggvadóttur, hann er undan Kiljan frá Steinnesi og Vissu frá Lambanesi. Kastor er öflugur alhliða hestur með 8,21 fyrir sköpulag og 8.41 fyrir hæfileika, þar sem hæst ber 9.0 fyrir bak og lend, skeið og vilja og geðslag. Með aðra hæstu einkunn ársins var Fenrir frá Feti, hann er úr ræktun Fetsbúsins en eigandi er Ármann Sverrisson. Fenrir er undan Loka frá Selfossi og Fljóð frá Feti. Þetta er óvanalega glæsilegur klárhestur með tölti og hefur sérstaka framgöngu og útgeislun í brautinni, hárreistur og tignarlegur með 9,0 fyrir tölt og brokk, 9,5 fyrir vilja og geðslag og fegurð í reið og 10 fyrir hægt stökk. Efsti fjögurra vetra foli ársins og einnig á landsmóti varð svo Eldjárn frá Skipaskaga, undan Jarli frá Árbæjarháleigu II og Glímu frá Kaldbak með 8.44 í aðaleinkunn, úr ræktun Jóns Árnasonar. Eldjárn er afar fallegur hestur með 8.5 fyrir háls, herðar og bóga, 9.0 fyrir samræmi og 9.5 fyrir bæði fótagerð og þrúðleika. Þá er hann gangöruggur á tölti og skeiði með þjálán og góðan vilja.

Í fimm vetra flokki hryssna voru sýndar 172 hryssur. Með þriðju hæstu aðaleinkunn ársins var landsmótssigurvegarinn Sigyn frá Feti, undan Ómi frá Kvistum og Vigdísi frá Feti. Ræktandi er hrossaræktarþúíð FET og eigandi er Fet ehf. Sigyn er stórglæsilegur og stórbrotinn gæðingur með 8.48 fyrir sköpulag og 8.62 fyrir hæfileika, afar hreingeng á tölti og skeiði, með næman og mikinn vilja. Með aðra hæstu einkunn ársins var svo Hugmynd frá Ketilsstöðum, undan Aðli frá Nýja-Bæ og Djörfungu frá Ketilsstöðum, Álfasteinsdóttur en báðir foreldrarir hlutu heiðursverðlaun á árinu. Hugmynd er reiðhestslega gerð og léttstígur gæðingur og sýndi afar skemmtilega takta á jafnvægisgóðu skeiði. Ræktendur og eigendur eru Bergur Jónsson og Olil Amble. Með hæstu einkunn ársins í þessum flokki varð svo Paradís frá Steinsholti, undan Skýr frá Skálakoti og Plómu Markúsardóttur frá Skrúð. Paradís er afar fallega og vel gerð hryssa með 9.0 fyrir höfuð, háls, herðar og bóga og bak og lend. Þá

er hún afar fallega geng, með þennan þjála vilja sem Skýr er að gefa í ríkum mæli. Ræktandi er Jakob Svavar Sigurðsson.

Í fimm vetra flokki stóðhesta voru sýndir 87 hestar. Þriðji hæst dæmði hestur ársins í þessum flokki var Jökull frá Breiðholti í Flóa, undan Huginn frá Haga og gæðingamóðurinni Gunnvöru frá Miðsitju. Ræktandi hans er Kári stefánsson. Jökull er vel gerður og léttbyggður hestur með 9.0 fyrir háls, herðar og bóga og samræmi. Þá er hann efni í frábæran alhliða hest með fótaborð á hægu tölti og hreinar, fallegar gangtegundir. Annar hæsti fimm vetra hesturinn í ár var Adrían frá Garðshorni en hann var efstur á Landsmóti, Adrían er úr ræktun þeirra Agnars Þórs Magnússonar og Birnu Tryggvadóttur, hann er undan Hágangi frá Narfastöðum og Eldingu frá Lambanesi sem hlýtur heiðursverðlaun nú í haust. Adrían er afar vel gerður hestur með hvelfdan og reistan háls og mikla lofthæð. Þá er hann afar jafnvægisgóður og flinkur á tölti en hann hlaut 9,5 fyrir tölt. Hann býr hann almennt yfir léttum og háum hreyfingum og hann hefur afar léttan og góðan vilja en hann hlaut 9.0 fyrir vilja og geðslag og fegurð í reið. Með hæstu einkunn ársins í þessum flokki var Þór frá Torfunesi en hann er úr ræktun Baldvins Kr. Baldvinssonar í Torfunesi, hann er undan Kolskegg frá Kjarnholtum og Baldursdótturinni Bylgju frá Torfunesi. Þór er glæsilegur hestur í byggingu og ber það vel í brautinni, reistur og það loftar undir hann en hann hlaut 9.0 fyrir tölt og brokk, fegurð í reið og vilja og geðslag.

Í sex vetra flokki hryssna voru sýndar 206 hryssur. Margar afbragðs hryssur voru í þessum flokki og hrein hestagull meðal þeirra efstu. Með þriðju hæstu einkunn ársins var Lukkudís frá Bergi úr ræktun Önnu Dóru Markúsardóttur með 8.55 í aðaleinkunn. Lukkudís er undan Lukku-Láka frá Stóra-Vatnsskarði og Forsetadótturinni Hildu frá Bjarnarhöfn. Lukkudís er afar fríð og fínleg hryssa með góðan styrk í yfirlínunni. Hún hlaut 9.0 fyrir tölt og brokk og einnig vilja og geðslag og fegurð í reið enda afar þjál og yfirbragsfalleg hryssa. Með aðra hæstu einkunn var Krafla frá Breiðholti í Flóa með 8.61 í aðaleinkunn úr ræktun Kára Stefánssonar. Krafla er undan Ómi frá Kvistum og Gunnvöru frá Miðsitju. Hún er öflug í byggingu með 9.0 fyrir bak og lend, þá er hún aðsópsmikill gæðingur með 9.0 fyrir hægt tölt og tölt, og 9.5 fyrir skeið, 9.0 fyrir fegurð í reið og vilja. Með hæstu einkunn ársins í þessum flokki var svo hestagullið Katla frá Hemlu II með 8.72 í aðaleinkunn. Katla býr yfir mikilli fegurð og útgeislun, nýtir hálsinn vel í reið og heldur á sér þannig að fegurð sköpulagsins sést vel undir manni, þá er hún gæðingur á gangi með 9.0 fyrir tölt og brokk, vilja og geðslag og fegurð í reið og að auki skrefmikið og takthreint skeið. Katla er undan Ský frá Skálakoti og Spyrnu Roðadóttur frá Síðu og ræktendur eru Anna Kristín Geirsdóttir og Vignir Siggeirsson.

Í sex vetra flokki stóðhesta voru sýndir 87 hestar. Með þriðju hæstu einkunn ársins, 8,76, var klárhesturinn Kveikur frá Stangarlæk 1 úr ræktun Rögnu Björnsdóttur, undan Sjóði frá Kirkjubæ og Rakettu frá Kjarnholtum. Kveikur er einn fegursti hestur í reið sem fram hefur komið og er einstaklega skrokkmjúkur og fjaðurmagnaður í hreyfingum. Hann hlaut 10 fyrir tölt og vilja og geðslag á Landsmótinu en einnig hlaut hann hlaut 9.5 fyrir brokk, stökk og fegurð í reið. Með aðra hæstu einkunn ársins var svo Atlas frá Hjallanesi eða 8.76 (hærri en Kveikur á aukastöfum), hann er undan Spuna frá Vesturkoti og Atley frá Reykjavík og er úr ræktun Guðjóns Sigurðssonar. Atlas er sterkbyggður hestur með 9.0 fyrir bak og lend og fótagerð, þá er hann skrefmikill og rúmur alhliðahestur með m.a. 9.0 fyrir skeið og vilja og geðslag. Með hæstu einkunn ársins var svo Þráinn frá Flagbjarnarholti, undan Álfi frá Selfossi og Þyrilu frá Ragnheiðarstöðum en hann hlaut 8.70 fyrir sköpulag, 9.11 fyrir hæfileika sem var hæsta hæfileikaeinkunn ársins og 8.95 í aðaleinkunn. Þráinn er afar vel

gerður hestur með mikla framhæð í byggingunni; reistan háls og afar gott samræmi, Þá er Þráinn glæsilegur, skrefmikill og virkjamikill í reið með 9.0 fyrir tölt, 9.5 fyrir skeið og 9.0 fyrir vilja og geðslag og fegurð í reið.

Í elsta flokki hryssna voru sýndar 267 hryssur. Þetta var magnaður hópur efstu hryssna og þessi hópur á Landsmóti var með ólíkindum sterkur. Með þriðju hæstu einkunn ársins eða 8.73 var Tign frá Jaðri, úr ræktun Kristbjargar Kristinsdóttur og Agnars Reidars Róbertssonar en var efst í þessum flokki á Landsmóti. Tign er undan Kjarna frá Þjóðólfshaga og Sylgju Orradóttur frá Ytri-Skógum. Tign er einstaklega falleg hryssa með 9.5 fyrir háls, herðar og bóga og 9.0 fyrir samræmi, þá er Tign afar hreyfingafalleg, fjaðurmögnuð í reið og hefur mikla útgeislun enda hlaut hún 8.81 fyrir hæfileika, m.a. 9.0 fyrir tölt og brokk, 8.5 fyrir skeið og 9.0 fyrir fegurð í reið. Með aðra hæstu einkunn ársins var Kolka frá Breiðholti í Flóa úr ræktun Kára Stefánssonar. Hún er undan Grun frá Oddhóli og Gunnvöru frá Miðsitju og hefur því mikið Miðsitjublód í æðum. Kolka er stórbrotinn gæðingur og hlaut hæstu hæfileikaeinkunn hryssna á árinu eða 9.10 (og einnig hæstu hæfileikaeinkunnina á Landsmótinu). Kolka er afar skrokkmjúk, með skörungslund og mikinn vilja, hlaut 9.0 fyrir tölt, brokk og skeið, 10 fyrir fet og 9.5 fyrir vilja og geðslag. Með hæstu einkunn ársins í þessum flokki var svo Hansa frá Ljósafossi eða 8.77 og var hún sýnd á Miðsumarssýningu á Selfossi. Hansa er undan Hákonni frá Ragnheiðarstöðum og Sunnu-Rós Keilisdóttur frá Úlfjótuvatni. Hansa er orkumikill gæðingur með afar virkjamikið skref enda hlaut hún 9.5 fyrir skeið og vilja og geðslag og 9.0 fyrir tölt og brokk.

Í elsta flokki stóðhesta voru sýndir 82 hestar. Með þriðju hæstu einkunn ársins var Rauðskeggur frá Kjarnholtum úr ræktun Magnúsar Einarssonar í Kjarnholtum. Rauðskeggur hlaut 8.76 í aðaleinkunn og er undan Kiljan frá Steinnesi og Heru frá Kjarnholtum. Rauðskeggur er glæsilega gerður hestur með m.a. 9.0 fyrir háls herðar og bóga og 9.5 fyrir samræmit. Þá er hann skrefmikill gæðingur með 9.0 fyrir tölt, stökk og skeið. Með aðra hæstu einkunn ársins var hálfbróðir Rauðskeggs að móðurinni, Kolskeggur frá Kjarnholtum I. Kolskeggur er undan Kvisti frá Skagaströnd og Heru frá Kjarnholtum I. Ræktandi Kolskeggs er einnig Magnús Einarsson í Kjarnholtum. Kolskeggur er afar fríður hestur, framfallegur og fótahár, enda með 9,5 fyrir bæði höfuð og samræmi. Þá er Kolskeggur viljugur og skrefmikill rýmishestur með 8.77 í aðaleinkunn. Hæst dæmði hestur ársins í elsta flokki og einnig efstur í þessum flokki á Landsmóti var Glúmur frá Dallandi. Hann er undan Glyn frá Flekkudal og Orku Orradóttur frá Dallandi og er úr ræktun Gunnars Dungal og Þórdísar Sigurðardóttur. Glúmur er afar reiðhestslega gerður hestur með sterka yfirlínu og mikinn þróðleika sem hann hlaut 10 fyrir. Þá er þetta úrvalsganghestur og sameinar það sem er svo verðmætt í alhliða hesti að vera með 9.0 fyrir tölt, hægt tölt og skeið. Glúmur hlaut í aðaleinkunn 8.77.